

Annar aðalfundur
Félags grunnskólakennara
6.-7. mars 2002

**Samþykktir og skrá um stjórnir, nefndir og
ráð Félags grunnskólakennara
2002 – 2005**

I LÖG OG REGLUR

Samþykktar breytingar á lögum Félags grunnskólakennara

Breytingar eru feitletraðar og undirstrikaðar.

Aðrar greinar en þær sem hér eru tilgreindar eru óbreyttar.

Svæðafélög

4. gr.

Félag grunnskólakennara starfar á eftirtöldum **stöðum og** svæðum:

- Reykjavík
- **Vesturlandi**
- **Vestfjörðum**
- **Norðurlandi vestra**
- **Norðurlandi eystra**
- **Austurlandi**
- **Suðurlandi**
- **Vestmannaeyjum**
- **Reykjanesi sunnan Kópavogs**
- **Kópavogi, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og Kjósarhreppi**

Hlutverk svæðafélaga er að vera málsvári félagsmanna hvert á sínu svæði og halda trúnaðarmannanámskeið, félagsfundir og haustþing í samráði við stjórn Félags grunnskólakennara. Ennfremur, í samráði við stjórn Félags grunnskólakennara, að annast kjör fulltrúa á þing Kennarasambands Íslands. Hvert svæðafélag er tengiliður smærri eininga sem starfa vilja í sérstökum félögum innan svæðisins t.d. m.t.t. launagreiðanda. Svæðafélög setja sér lög í samræmi við lög Félags grunnskólakennara og Kennarasambands Íslands.

Félagsmenn í einstökum sveitarfélögum sem hafa sama launagreiðanda geta myndað formlegt eða óformlegt kennarafélag.

Aðalfundur

5. gr.

Aðalfundur Félags grunnskólakennara skal haldinn þriðja hvert ár í tengslum við þing Kennarasambands Íslands. Aðalfundur hefur æðsta vald í málum félagsins, sbr. þó 19. gr. Á aðalfundi eiga sæti með atkvæðisrétti stjórn, formenn svæðafélaga og einn fulltrúi fyrir hverja 50 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu sem umfram kann að vera. Kjörtímabil þeirra er milli reglulegra aðalfunda félagsins. Stjórnir svæðafélaga annast kosningu aðalfundarfulltrúa. Til aðalfundar skal boðað með a.m.k. **6** vikna fyrirvara. Tillögur til umfjöllunar á aðalfundi þurfa að berast stjórn félagsins eigi síðar en **5** vikum fyrir aðalfund, sbr. þó 20. gr. Aðalfundargögn skulu send út með minnst þriggja vikna fyrirvara.

Kosning fulltrúa á þing Kennarasambands Íslands
7. gr.

Stjórn félagsins á **fjögurra** kosta vól við kjör fulltrúa á þing Kennarasambandsins:

1. Á fundi (kjörfundi) sem boðaður er með minnst 10 daga fyrirvara. Heimilt er að hafa fleiri en einn kjörfund eða kjördeildir í félaginu.
2. Í bréflægri kosningu og fá félagsmenn þá senda kjörseðla. Þegar þeir hafa kosið senda þeir kjörseðilinn til stjórnar/kjörstjórnar félagsins eða afhenda trúnaðarmanni innan tilskilins tíma.
3. Samkvæmt tillögu félagsstjórnar eða einstakra félagsmanna. Séu aðeins jafnmargir í kjöri og kjósa á er sjálfkjörið.
4. **Rafræna kosningu samkvæmt reglum sem stjórn FG setur.**

Stjórn
10. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn og **fimm** til vara, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Kjörtímabil stjórnar er þrjú ár. Stjórn og varamenn eru kjörnir á aðalfundi félagsins. Formaður er kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn saman og skipta þeir síðan með sér verkum. Stjórnin heldur stjórnarfundum svo oft sem þurfa þykir.

Samninganefnd
16. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa fimm fulltrúa **og fimm til vara**, sem ásamt stjórn félagsins, mynda samninganefnd og fer hún með gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn, sbr. lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Samninganefndin skiptir með sér verkum.

Hlutverk samninganefndar er:

- Að ganga frá endanlegri kröfugerð,
- að annast gerð kjarasamninga,
- að taka ákvörðun um hvort efna skuli til atkvæðagreiðslu um verkfall,
- að taka ákvörðun um hvort undirrita eigi kjarasamning með fyrirvara um samþykki félagsmanna og um hvort fresta skuli verkfalli.

Samninganefnd hefur samráð við fagfélög félagsmanna við undirbúning kröfugerðar og kallar eftir atvikum á fulltrúa þeirra til ráðgjafar við samningagerðina.

Formaður félagsins í umboði Kennarasambands Íslands ber ábyrgð á undirritun kjarasamninga fyrir félagsmenn og gerð og undirritun viðræðuáætlana vegna endurnýjunar þeirra.

Formaður og / eða varaformaður Kennarasambands Íslands starfa með samninganefndinni eftir nánari ákvörðun stjórnar félagsins hverju sinni

Skólamálanefnd

17. gr.

Starfandi skal vera sjö manna skólamálanefnd sem sinnir faglegum málefnum fyrir félagsmenn. Aðalfundur kýs sex fulltrúa og **fimm** til vara en stjórn Félags grunnskólakennara skipar formann.

Hlutverk skólamálanefndar er:

- Að fjalla um fagleg málefni og skólamál í samráði við stjórn félagsins og skólamálaráð,
- að vinna að eflingu kennaramenntunar og endurmenntunar félagsmanna,
- að annast tengsl við fagfélög og sambærilegar nefndir annarra uppeldisstétta.

Uppstillingarnefnd

18. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa þriggja manna uppstillingarnefnd **og þrjá til vara**. Hlutverk hennar er að leggja fram tillögur um frambjóðendur til kjörs formanns, meðstjórnenda, fulltrúa í stjórn Kennarasambandsins, skoðunarmanna reikninga, fulltrúa í samninganefnd, skólamálefnd, **uppstillingarnefnd** og til annarra trúnaðarstarfa sem aðalfundur kýs. Áður en nefndin leggur fram tillögur um frambjóðendur skal liggja fyrir samþykki viðkomandi einstaklinga.

Uppstillingarnefnd skal leitast við að fá fleiri frambjóðendur en kjósa skal. Við uppstillingu í trúnaðarstörf á vegum félagsins skal og leitast við að tryggja jafnræði.

Í það minnsta 6 mánuðum fyrir aðalfund auglýsir uppstillingarnefnd eftir frambjóðendum. Tillögur skulu berast nefndinni eigi síðar en 2 mánuðum fyrir aðalfund.

Auglýsingar um framboð til trúnaðarstarfa skal senda stjórnnum svæðafélaga og trúnaðarmönnum sem ber skylda til að kynna þær félagsmönnum í viðkomandi skólum. Auglýsingar skulu liggja frammi í a.m.k. einn mánuð áður en framboðsfrestur rennur út. Jafnframt skal auglýsa eftir tillögum í félagsblaði og á heimasíðu KÍ.

Tillögur uppstillingarnefndar um frambjóðendur skulu sendar aðalfundarfulltrúum a.m.k. einum mánuði fyrir aðalfund.

Uppstillingarnefnd setur sér nánari starfsreglur sem staðfestar skulu af stjórn félagsins.

LÖG fyrir

FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA

Nafn

1. gr.

Félagið heitir Félag grunnskólakennara og á aðild að Kennarasambandi Íslands. Félagssvæðið er allt landið. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Hlutverk

2. gr.

Hlutverk félagsins er að:

- Fara með málefni félagsmanna Kennarasambands Íslands sem sinna kennslu eða ráðgjöf í grunnskólum eða vinna við stofnanir og fyrirtæki sem tengjast kennslu- og fræðslumálum,
- vera málsvari félagsmanna,
- gera kjarasamninga fyrir félagið,
- halda fundi og námskeið fyrir trúnaðarmenn,
- sjá um kjör fulltrúa á þing Kennarasambands Íslands,
- efla faglega umræðu meðal félagsmanna,
- vinna að því að enginn starfi við kennslu í grunnskóla án kennsluréttinda.

Aðild

3. gr.

Allir sem starfa við kennslu eða ráðgjöf í grunnskólum og eru félagsmenn í Kennarasambandi Íslands eða vinna við stofnanir og fyrirtæki sem tengjast kennslu- og fræðslumálum og Félag grunnskólakennara semur fyrir, skv. lögum nr. 94/1986 eða samkomulagi við viðkomandi launagreiðanda, eru félagar í Félagi grunnskólakennara.

Svæðafélög

5. gr.

Félag grunnskólakennara starfar á eftirtöldum stöðum og svæðum:

- Reykjavík
- Vesturlandi
- Vestfjörðum
- Norðurlandi vestra
- Norðurlandi eystra
- Austurlandi
- Suðurlandi
- Vestmannaeyjum
- Reykjanesi sunnan Kópavogs
- Kópavogi, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og Kjósarhreppi

Hlutverk svæðafélaga er að vera málsvari félagsmanna hvert á sínu svæði og halda trúnaðarmannanámsskeið, félagsfundi og haustþing í samráði við stjórn Félags grunnskólakennara. Ennfremur, í samráði við stjórn Félags grunnskólakennara, að annast kjör fulltrúa á þing Kennarasambands Íslands. Hvert svæðafélag er tengiliður smærri eininga sem starfa vilja í sérstökum félögum innan svæðisins t.d. m.t.t. launagreiðanda. Svæðafélög setja sér lög í samræmi við lög Félags grunnskólakennara og Kennarasambands Íslands.

Félagsmenn í einstökum sveitarfélögum sem hafa sama launagreiðanda geta myndað formlegt eða óformlegt kennarafélag.

Aðalfundur

5. gr.

Aðalfundur Félags grunnskólakennara skal haldinn þriðja hvert ár í tengslum við þing Kennarasambands Íslands. Aðalfundur hefur æðsta vald í málum félagsins, sbr. þó 19. gr. Á aðalfundi eiga sæti með atkvæðisrétti stjórn, formenn svæðafélaga og einn fulltrúi fyrir hverja 50 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu sem umfram kann að vera. Kjörtímabil þeirra er milli reglulegra aðalfunda félagsins. Stjórnir svæðafélaga annast kosningu aðalfundarfulltrúa. Til aðalfundar skal boðað með a.m.k. 6 vikna fyrirvara. Tillögur til umfjöllunar á aðalfundi þurfa að berast stjórn félagsins eigi síðar en 5 vikum fyrir aðalfund, sbr. þó 20. gr. Aðalfundargögn skulu send út með minnst þriggja vikna fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar

6. gr.

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Nefndastörf og tillögur, mál og nefndaálit sem borist hafa tekin til umræðu
4. Lagabreytingar
5. Fjárhagsáætlun
6. Kosning nýrrar stjórnar
7. Kosning stjórnarmanna í Kennarasambandi Íslands
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara
9. Kosning fulltrúa í samninganefnd
10. Kosning skólamálanefndar
11. Kosning uppstillingarnefndar og í aðrar trúnaðarstöður sem aðalfundur ákveður
12. Önnur mál

Kosning fulltrúa á þing Kennarasambands Íslands

7. gr.

Stjórn félagsins á fjögurra kosta völ við kjör fulltrúa á þing Kennarasambandsins:

6. Á fundi (kjörfundi) sem boðaður er með minnst 10 daga fyrirvara. Heimilt er að hafa fleiri en einn kjörfund eða kjördeildir í félaginu.
7. Í bréflægri kosningu og fá félagsmenn þá senda kjörseðla. Þegar þeir hafa kosið senda þeir kjörseðilinn til stjórnar/kjörstjórnar félagsins eða afhenda trúnaðarmanni innan tilskilins tíma.
8. Samkvæmt tillögu félagsstjórnar eða einstakra félagsmanna. Séu aðeins jafnmargir í kjöri og kjósa á er sjálfkjörið.
9. Rafræna kosningu samkvæmt reglum sem stjórn FG setur.

Ársfundur

8. gr.

Þau ár, sem ekki er haldinn aðalfundur skal stjórn félagsins boða til ársfundar þar sem m.a. er fjallað um starfsemi félagsins og starfsáætlun auk þess sem reikningar þess eru lagðir fram. Rétt til setu á ársfundi hafa stjórn og varastjórn, formenn svæðafélaga, skólamálanefnd, samninganefnd og formenn annarra fastanefnda. Stjórn félagsins hefur umboð til að kalla til fleiri fulltrúa ef þurfa þykir.

Almennir félagsfundir

9. gr.

Stjórn Félags grunnskólakennara getur boðað til almennra félagsfunda. Skylt er að boða til almenns fundar ef 10% eða fleiri krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Stjórn

10. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn og fimm til vara, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Kjörtímabil stjórnar er þrjú ár. Stjórn og varamenn eru kjörnir á aðalfundi félagsins. Formaður er kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn saman og skipta þeir síðan með sér verkum. Stjórnin heldur stjórnarfundi svo oft sem þurfa þykir.

Hlutverk stjórnar

10. gr.

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Formaður ber ábyrgð á allri starfsemi félagsins og hefur yfirumsjón með rekstri þess. Varaformaður er staðgengill formanns.

Samráðsfundur

13. gr.

Stjórn félagsins skal boða til fundar með formönnum svæðafélaga a.m.k. tvisvar á ári. Samráðsfundur er stjórn til ráðuneytis um stjórnun félagsins, m.a. við undirbúning aðalfundar og ársfunda.

Um gjörðarbækur

14. gr.

Ritari félagsins heldur gjörðarbækur og fundargerðir skulu samþykktar á stjórnarfundi og undirritaðar af ritara og formanni.

Fjárreiður og bókhald

14. gr.

Þing Kennarasambands Íslands ákveður skiptingu félagsgjalda. Gjaldkeri félagsins hefur umsjón með fjárreiðum þess og bókfærslu og leggur fram endurskoðaða reikninga á aðalfundi. Auk þess skal hann gefa stjórn og ársfundi yfirlit yfir stöðu félagsins minnst einu sinni á ári.

Kosning til stjórnar Kennarasambands Íslands

15. gr.

Formaður félagsins situr í stjórn Kennarasambands Íslands en varaformaður er staðgengill hans í forföllum. Auk þess skal kjósa einn fulltrúa í stjórn Kennarasambands Íslands séu félagsmenn fleiri en 600, tvo séu þeir fleiri en 1800 og

þrjá séu þeir fleiri en 5400. Stjórnarmenn Kennarasambands Íslands skal kjósa á aðalfundi félagsins og jafnmarga til vara, sbr. þetta ákvæði.

Samninganefnd

16. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa fimm fulltrúa og fimm til vara, sem ásamt stjórn félagsins, mynda samninganefnd og fer hún með gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn, sbr. lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Samninganefndin skiptir með sér verkum.

Hlutverk samninganefndar er:

- Að ganga frá endanlegri kröfugerð,
- að annast gerð kjarasamninga,
- að taka ákvörðun um hvort efna skuli til atkvæðagreiðslu um verkfall,
- að taka ákvörðun um hvort undirrita eigi kjarasamning með fyrirvara um samþykki félagsmanna og um hvort fresta skuli verkfalli.

Samninganefnd hefur samráð við fagfélög félagsmanna við undirbúning kröfugerðar og kallar eftir atvikum á fulltrúa þeirra til ráðgjafar við samningagerðina.

Formaður félagsins í umboði Kennarasambands Íslands ber ábyrgð á undirritun kjarasamninga fyrir félagsmenn og gerð og undirritun viðræðuáætlana vegna endurnýjunar þeirra.

Formaður og / eða varaformaður Kennarasambands Íslands starfa með samninganefndinni eftir nánari ákvörðun stjórnar félagsins hverju sinni

Skólamálanefnd

17. gr.

Starfandi skal vera sjö manna skólamálanefnd sem sinnir faglegum málefnum fyrir félagsmenn. Aðalfundur kýs sex fulltrúa og fimm til vara en stjórn Félags grunnskólakennara skipar formann.

Hlutverk skólamálanefndar er:

- Að fjalla um fagleg málefni og skólamál í samráði við stjórn félagsins og skólamálaráð,
- að vinna að eflingu kennaramenntunar og endurmenntunar félagsmanna,
- að annast tengsl við fagfélög og sambærilegar nefndir annarra uppeldisstétta.

Uppstillingarnefnd

18. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa þriggja manna uppstillingarnefnd og þrjá til vara. Hlutverk hennar er að leggja fram tillögur um frambjóðendur til kjörs formanns, meðstjórnenda, fulltrúa í stjórn Kennarasambandsins, skoðunarmanna reikninga, fulltrúa í samninganefnd, skólamálefnd, uppstillingarnefnd og til annarra trúnaðarstarfa sem aðalfundur kýs. Áður en nefndin leggur fram tillögur um frambjóðendur skal liggja fyrir samþykki viðkomandi einstaklinga.

Uppstillingarnefnd skal leitast við að fá fleiri frambjóðendur en kjósa skal. Við uppstillingu í trúnaðarstörf á vegum félagsins skal og leitast við að tryggja jafnræði.

Í það minnsta 6 mánuðum fyrir aðalfund auglýsir uppstillingarnefnd eftir frambjóðendum. Tillögur skulu berast nefndinni eigi síðar en 2 mánuðum fyrir aðalfund.

Auglýsingar um framboð til trúnaðarstarfa skal senda stjórnnum svæðafélaga og trúnaðarmönnum sem ber skylda til að kynna þær félagsmönnum í viðkomandi skólum. Auglýsingar skulu liggja frammi í a.m.k. einn mánuð áður en framboðsfrestur rennur út. Jafnframt skal auglýsa eftir tillögum í félagsblaði og á heimasíðu KÍ.

Tillögur uppstillingarnefndar um frambjóðendur skulu sendar aðalfundarfulltrúum a.m.k. einum mánuði fyrir aðalfund.

Uppstillingarnefnd setur sér nánari starfsreglur sem staðfestar skulu af stjórn félagsins.

Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjarasamninga, boðun verkfalls o.fl.

19. gr.

Um kjarasamninga og boðun verkfalls skal fara fram leynileg, skrifleg allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna, skv. lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Kjörskrá skal miða við félagatal í þeim mánuði sem atkvæðagreiðsla fer fram. Stjórn félagsins getur efnt til allsherjaratkvæðagreiðslu um önnur mikilvæg málefni sem eigi falla sérstaklega undir aðalfund.

Lagabreytingar

20. gr.

Lögum þessum má breyta á aðalfundi félagsins enda hafi breytingarnar verið kynntar í fundarboði. Tillögur um lagabreytingar þurfa að hafa borist stjórn átta vikum fyrir aðalfund og skulu þær kynntar aðalfundarfulltrúum eigi síðar en þrem vikum fyrir aðalfund. Til þess að breyting nái fram að ganga verður hún að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða. Breytingar á lögum koma fyrst til framkvæmda er stjórn Kennarasambands Íslands hefur staðfest þær.

Gildistaka

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórn Kennarasambands Íslands hefur staðfest þau.

Samþykkt á 2. aðalfundi Félags grunnskólakennara 7. mars 2002.

II FJÁRMÁL

Fjárhagsáætlun Félags grunnskólakennara árið 2002-2005

| | Áætlun 2002-2005 | Ársreikn. 2001 | Ársreikn. 2000 | Áætlun stofnfundar. |
|--------------------------------------|---------------------|-------------------|-------------------|------------------------|
| I. Tekjur: | | | | |
| Félagsgjöld | 23.200.000 | 23.500.000 | 17.700.000 | 17.700.000 |
| Aðrar tekjur (Vinnud.sj.) | | | 1.042.500 | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | | | |
| | | 30.077 | 106.375 | |
| Samtals: | 23.200.000 | 23.530.077 | 18.848.875 | 17.700.000 |
| II. Gjöld: | | | | |
| 1. Til starfsemi svæðafélaga: | 12.000.000 | 9.432.348 | 9.197.348 | 10.000.000 |
| 2. Skrifstofukostnaður | 1.500.000 | 1.362.369 | 575.143 | 1.000.000 |
| 3. Stjórn og nefndir: | 2.700.000 | 3.454.715 | 2.858.518 | 3.200.000 |
| 4. Erindrekstur / trúnaðarm: | 4.000.000 | 3.426.139 | 1.674.210 | 1.500.000 |
| 5. Ársfundur/Aðalfundur | 1.500.000 | 559.616 | 461.232 | 1.200.000 |
| Samtals: | 21.700.000 | 18.235.187 | 14.766.451 | 16.900.000 |
| 5. Erlent samstarf: | 700.000 | 547.854 | 253.118 | 250.000 |
| 6. Sérstök verkefni: | 800.000 | 1.398.435 | 1.691.282 | 550.000 |
| Samtals: | 23.200.000 | 20.181.476 | 16.710.851 | 17.700.000 |
| Mismunur (tekjur / gjöld): | 0 | 3.348.601 | 2.138.024 | 0 |

Ályktun frá fjárhagsnefnd

Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara krefst þess að skipting fjármagns til aðildarféлага Kennarasambands Íslands verði endurskoðuð og að útteiling fjármagns verði hlutfallsleg.

Greinargerð: Félag grunnskólakennara greiðir stærstan hlut til Kennarasambands Íslands og fær hlutfallslega langminnst til baka.

Starfsemi FG og svæðafélaga þess hefur liðið fyrir lítið fjárframlag frá KÍ. FG telur eðlilegra að greitt verði til aðildarfélaga hlutfallslega en ekki í föstum fjárframlögum eins og verið hefur. Hækkun félagsgjalda vegna nýrra kjarasamninga hefur öll lent hjá KÍ og hefur ekki komið FG eða svæðafélögum þess til góða eins og eðlilegt mætti teljast.

Og sem fyrsta skref leggur fjárhagsnefnd til að við berjumst fyrir því á öðru þingi KÍ að lækka framlag FG til reksturs KÍ um 5%. Félagsmenn FG eru 52% af KÍ en greiða 65,5% af rekstrarkostnaði þess. Fjármunum þeim sem þannig verða til á að verja til innri starfsemi FG

III LAUNA- OG KJARAMÁL

Kjarastefna Félags grunnskólakennara

Sérstakur kjarasamningur fyrir grunnskólakennara

Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara krefst þess að sérstakur kjarasamningur verði gerður fyrir félagsmenn FG annars vegar og skólastjórnendur hins vegar. Atkvæði um samningana verði talin sitt í hvoru lagi. Aðalfundurinn beinir því til stjórnna Félags grunnskólakennara og Kennarasambands Íslands að þær beiti sér fyrir því að við endurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna verði m.a tekið mið af lögum og áherslum í starfsskipulagi KÍ um sjálfstæði aðildarfélaga í samningamálum.

Undirbúningur fyrir kjarasamning 2004

Félag grunnskólakennara telur mikilvægt að undirbúningur fyrir næsta kjarasamning hefjist snemma og nýr taki gildi um leið og sá eldri rennur út. Mikilvægt er að fylgjast vel með framkvæmd kjarasamningsins til að kröfugerðin taki mið af henni. Einnig þarf að leita eftir sjónarmiðum félagsmanna með kerfisbundnum hætti til að kröfugerð fyrir næstu kjarasamninga endurspegli vilja þeirra.

Veruleg hækkun grunnlauna

Í síðasta kjarasamningi hækkuðu grunnlaun talsvert en engan veginn nægilega og því þarf að semja um enn frekari hækkun grunnlauna í næsta samningi. Þrátt fyrir að útskrifaðir hafi verið nægilega margir grunnskólakennarar til að fylla allar lausar stöður á landinu er eftirspurn mun meiri en framboðið. Kennaraskorturinn er enn of mikill og því er ljóst að gera þarf enn frekara átak í launahækkun grunnskólakennara til að draga úr honum.

Grunnröðun í launaflokka

Endurskoða þarf grunnröðun í launaflokka. Við röðun í launaflokka þarf m.a að taka tillit til umsjónar með kennslurými, fjölda nemenda í umsjón ásamt samsetningu og

fjölda þeirra námshópa er kennari kennir. Sérstakt álag verði greitt ef kennari tekur að sér umsjón tveggja eða fleiri nemendahópa eða ef um samkenslu er að ræða.

Launaflokkahækkun vegna kennslureynslu

Kennslureynsla verði metin meira en nú er við röðun kennara í launaflokka.

Viðbótarflokkar framhaldsmenntunar

Meta þarf frekar en nú er framhaldsmenntun til launa.

Sveigjanleg kennsluskylda

Tryggja þarf í kjarasamningi lækkun kennsluskyldu frá því sem nú er. Mikilvægt er að auka svigrúm kjarasamningsins enn frekar til sveigjanlegrar kennsluskyldu. Ekki á að vera lágmark á kennsluskyldu en nauðsynlegt er að hafa áfram hámark.

Vinnutíminn

Endurskoðun vinnutíma verður að skoðast í samhengi við minni og sveigjanlegri kennsluskyldu. Lágmarksundirbúningstími verði aukinn og tryggja þarf í kjarasamningi enn meiri vörn gegn vinnuálagi en nú er. Skilgreina þarf betur hvað felst í kennarastarfinu og hvað ekki.

Launaflokkar vegna verkaskiptingar og færni

Félag grunnskólakennara telur það jákvæðan áfanga að skólastjóri geti umbunað þeim sem standa sig vel og sýna metnað í starfi eða taka á sig meiri ábyrgð og álag en aðrir. Fundurinn áréttar að launaflokkarnir fylgja starfi kennara og námsráðgjafa en eru ekki til að greiða fyrir verkefni eða yfirvinnu.

Fjölgun orlofa

Aðalfundur Félags grunnskólakennara beinir því til stjórnar félagsins að beita sér fyrir því að ákvörðun um orlof kennara og námsráðgjafa verði færð frá lögum um grunnskóla til samningsaðila og nauðsynlegum breytingum á grunnskólalögum í því skyni. Fundurinn telur ekki rétt að Alþingi ákveði fjölda orlofa í grunnskólum en telur að samningsaðilar eigi að semja í kjarasamningi um fjölda launaðra orlofa. Þá er mikilvægt að samið verði um fleiri orlof.

Möguleikar á starfsframa

Mikilvægt er að auka möguleika grunnskólakennara á starfsframa innan skólanna án þess að þeir teljist til skólastjórnaenda.

Umbun til trúnaðarmanna

Með nýjum kjarasamningi er hlutverk trúnaðarmanna aukið og breytt frá því sem áður var. Því er nauðsynlegt að semja í kjarasamningi um greiðslur til trúnaðarmanna.

Nemendafjöldi í bekk/námshóp

Félag grunnskólakennara krefst þess að námshópar verði aldrei stærri en svo að unnt sé að sinna hverjum nemanda með þeim hætti sem grunnskólalög og aðalnámskrá kveða á um. Tekið verði tillit til álags vegna nemenda með sérþarfir og sérstakra aðstæðna í íþrótt-, list- og verkgreinakennslu. Mikilvægt er að auka svigrúm skólanna til að skipta upp nemendahópum eftir aðstæðum hverju sinni.

Vinnuaðstaða

Vinnuaðstaða, umhverfi og búnaður skóla hafa mikil áhrif á gæði skólastarfsins. Mikilvægt er að kennurum sé búin góð vinnuaðstaða í skólum.

Endurmenntun

Tryggja þarf kennurum og námsráðgjöfum rétt til endur- og framhaldsmenntunar á starfstíma skóla umfram það sem nú er. Jafnframt þarf að meta endurmenntun fyrir til launa. Sífellt býðst nú fjölbreyttara nám sem stunda má með vinnu og gera þarf félagsmönnum kleift að stunda slíkt nám, t.d. með tímabundinni lækkun starfsskyldu eða hlutaorlofi.

Réttur einstaklinga til leyfis á starfstíma skóla

Kennarar og námsráðgjafar fá aukinn rétt til leyfis á starfstíma skóla. Tryggja þarf skólunum aukið svigrúm til að greiða fyrir forfallastörf á meðan.

Ályktun um framkvæmd kjarasamnings og tillaga um úttekt

Aðalfundur Félags grunnskólakennara telur að framkvæmdin hafi um margt tekist vel. Í kjarasamningum eru miklar breytingar en þó sú stærsta að draga úr miðstýringu og færa fleiri ákvarðanir út í skólana. Mikið veltur á góðri stjórnun og að farið sé eftir ákvæðum kjarasamningsins, handbókinni og spurningum og svörum verkefnisstjórnar með kjarasamningnum.

Fundurinn samþykkir að gerð verði úttekt á framkvæmd kjarasamningsins sem liður í undirbúningi fyrir næsta kjarasamning. Úttektin verði unnin á ábyrgð stjórna og samninganefnda FG og SÍ sem og Launanefndar sveitarfélaganna.

Sérstökum sjónum verði beint að því t.d.:

- hvernig til hefur tekist með að draga úr miðstýringu og færa fleiri ákvarðanir út í skólana, s.s. ákvæði um lágmarksundirbúningstíma;
- hvernig tíma undir verkstjórn skólastjóra er varið;
- hvernig til hefur tekist með sérstakan launapott vegna verkaskiptingar og færni;
- hvernig endurmenntunaráætlun skóla er unnin;
- hvernig starfstíma skóla er háttað, upphaf/endir, vetrarorlof, skipulagsdagur

- hvort sveitarfélög hafa nýtt ákvæði kjarasamningsins um ráðningu deildarstjóra.
- hvernig til hefur tekist með starfsmannaviðtöl

Aðalfundur Félags grunnskólakennara hvetur þar að auki alla hlutaðeigandi til að virða ákvæði samningsins og fara eftir þeim leiðbeiningum sem samningsaðilar hafa sent frá sér.

Ályktun um greiðslur til trúnaðarmanna

Aðalfundur Félags grunnskólakennara beinir því til samninganefndar að hún óski sem fyrst eftir viðræðum við Launanefnd sveitarfélaganna um að þegar á næsta hausti verði teknar upp greiðslur til trúnaðarmanna eða kennsluskylda þeirra verði lækkuð.

Ályktun um greiðslur til trúnaðarmanna.

Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara beinir því til stjórnar félagsins að hún ákveði með hvaða hætti skal greiða trúnaðarmönnum fyrir störf sín. Varðandi greiðslur verði meðal annars tekið tillit til fjölda þeirra kennara sem hver trúnaðarmaður hefur umboð fyrir.

Greiðslur verði teknar upp þegar á skólaárinu 2001-2002.

IV SKÓLAMÁL

Ályktanir um skólamál

Um styttingu námstíma til stúdentsprófs

Annar aðalfundur Félag grunnskólakennara telur að kanna eigi leiðir til að stytta námstíma til stúdentsprófs í samræmi við það sem almennt er í nágrannalöndum okkar.

Fundurinn telur ekki að stefna beri að því að stytta grunnskólann almennt um eitt eða tvö ár enda eiga ekki allir unglingar tæk á að stunda framhaldsskólanám í heimbyggð. Það er allt of snemmt fyrir 14 og 15 ára unglinga að flytja að heiman. Hins vegar á að stefna að því að efla grunnskólann og auka gæði hans. Auka þarf samstarf og samfellu á milli allra skólastiga þannig að t.d. duglegum nemendum sé gert fært að færast á milli skólastiga fyrr en hefðbundnu skólastigi lýkur. Þá þarf grunnskólanemendum einnig að gefast kostur á að stunda nám í námsgreinum framhaldsskólans og taka próf í þeim samhliða grunnskólanámi.

Fundurinn telur ekki tímabært að fjölga skóladögum nemenda enn meir en þegar hefur verið gert. Árlegur starfstími grunnskóla á Íslandi er nú 9,5 mánuðir og skólaárið aðeins fjórum dögum styttra hér á landi en það var að jafnaði í öðrum löndum Evrópu skólaárið 1997- 1998. Með auknum sveigjanleika við upphaf og lok skólaárs og

heimild til töku vetrarleyfis gefst skólum tækifæri til að laga skólaárið enn frekar að aðstæðum á hverjum stað.

Fundurinn bendir einnig á að fjölgun vikulegra kennslustunda er nú að fullu komin til framkvæmda skv. grunnskólalögum og aðalnámskrá. Ekki kemur til greina að lengja skóladaga og vikulega viðveru enn frekar því nauðsynlegt er að skapa rými fyrir heimanám, tónlistarnám, íþróttaiðkun og annað tómskundastarf eða samveru með fjölskyldunni.

Fundurinn tekur undir hugmyndir Félags leikskólakennara þess efnis að skólaskylda hefjist við 5 ára aldur án þess að sú breyting verði gerð að það verði fyrsti bekkur í grunnskóla.

Fyrirkomulag endurmenntunar

Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara telur brýnt að fyrirkomulag endurmenntunar verði tekið til gagnerrar endurskoðunar. Fjárveitingar til endurmenntunar voru ekki fluttar frá ríki til sveitarfélaga við yfirtöku þeirra á öllum rekstri grunnskólans haustið 1995. Að höfðu samráði við stéttarfélög kennara og sveitarfélögin var ákveðið að setja á laggirnar Endurmenntunarsjóð grunnskóla sem hefur aðsetur sitt í menntamálaráðuneytinu. Sveitarfélög greiða fyrir ferðir og uppihald vegna námskeiða. Sveitarfélögin greiða skv. kjarasamningi 1,72% af grunnlaunum kennara í endur- og starfsmenntasjóð kennara og skv. grunnskólalögum 1,3% í Námsleyfasjóð. Þessu til viðbótar er í flestum fjárhagsáætlunum sveitarfélaga gert ráð fyrir fé til endurmenntunar starfsfólks grunnskólanna.

Símenntunarstofnun KHÍ fær ekki lengur fé vegna námskeiðahalds og er gert að sækja um styrki til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla eins og öðrum sem hyggja á námskeiðahald.

Í nýjum kjarasamningi er kveðið á um að allir skólar setji sér endurmenntunaráætlun og að endurmenntun kennara megi skipta í tvo meginþætti: Þá sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Kennurum er skylt að sækja námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt endurmenntunaráætlun skóla enda fari hún eftir ákvæðum kjarasamnings og sé kennurum að kostnaðarlausu.

Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara telur að eftirfarandi sjónarmið beri að hafa í huga við endurskoðun fyrirkomulags endurmenntunar:

- Fjárveitingar ríkisins til endurmenntunar verði hækkaðar verulega.
- Nauðsynlegt er að einfalda fyrirkomulagið þannig að allt það fjármagn sem nú er varið til endurmenntunar nýtist félagsmönnum sem best.
- Tryggja þarf skólunum fjármagn til að fylgja eftir og framkvæma endurmenntunaráætlanir skóla.
- Semja þarf um fjölgun orlofa.

- Félagsmenn FG þurfa að eiga kost á styrkjum vegna endur- og framhaldsmenntunar sem er utan endurmenntunaráætlunar skóla.
- Mikilvægt er að menntamálayfirvöld veiti sérstöku fjármagni til að fylgja eftir nýjungum t.d. í grunnskólalögum og aðalnámskrám en einnig t.d. átaki við upplýsinga- og tölvuvæðingu og til að uppræta einelti.

Niðurstöður PISA rannsóknarinnar

Ályktun annars aðalfundar Félags grunnskólakennara í tilefni fyrstu niðurstaðna PISA - 2000 rannsóknarinnar, alþjóðlegrar rannsóknar á frammistöðu 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós að 15 ára nemendur á Íslandi standa sig marktækt betur í lestri en jafnaldrar þeirra gera að meðaltali í löndum OECD. Dreifing á getu í lestri er verulega minni á Íslandi en í flestum öðrum OECD löndum. Það þýðir að fáir nemendur á Íslandi eru mjög slakir í lestri, samanborið við önnur OECD lönd, en jafnframt að frekar fáir eru afburðagóðir.

Frammistaða íslenskra 15 ára nemenda í stærðfræði er einnig marktækt betri en jafnaldrar þeirra að jafnaði í löndum OECD. Í náttúrufræði er frammistaðan hins vegar svipuð og að meðaltali í OECD löndunum í heild.

Þessar niðurstöður undirstrika að á Íslandi ríkir jafnrétti til náms og að nemendum sem eiga á brattann að sækja í námi er vel sinnt hér á landi. Um leið staðfesta þær að halda beri áfram á sömu braut í að tryggja nemendum sem eiga erfitt í námi þann stuðning sem þeir þurfa. Alltaf þurfa að vera fyrir hendi sérdeildir og sérskólar til að mæta þörfum þeirra nemenda sem ekki fá notið kennslu við hæfi í heimaskóla.

Niðurstöðurnar sýna jafnframt að ekki hefur verið hugað nægilega að þörfum þeirra nemenda sem eiga auðvelt með nám. Auka þarf fjárveitingar til að sinna þeim betur og jafnframt til námsefnisgerðar.

Ekki er nóg að nemendur eigi lögum samkvæmt kost á að ljúka grunnskólanámi fyrir en almennt gerist í lok 10. bekkjar. Þetta þarf að vera raunhæfur kostur. Bæta þarf tengsl grunnskóla og framhaldsskóla, þannig að grunnskólanemendur sem lokið hafa námi í ákveðnum greinum eigi greiða leið að námi í þeim greinum á framhaldsskólastigi, þó að grunnskólanámi sé ekki að fullu lokið. Hér þarf sérstaklega að gæta þess að möguleikar nemenda í dreifbýli séu hinir sömu og þeirra sem búa nálægt framhaldsskólum.

Þó að 15 ára nemendur á Íslandi standi sig marktækt betur í lestri en jafnaldrar í öðrum OECD löndum er það verulegt áhyggjuefni að 30 prósent þeirra segjast ekki lesa sér til skemmtunar. Úr þessu má bæta með samræmdu átaki heimila og skóla. Í þessu sambandi skal bent á mikilvægi þess að nemendur eigi jafnan greiðan aðgang að bókasöfnum skólanna. Notkun nemenda á t.d. bókasafni, tölvum, rannsóknarstofum og netinu hefur meiri áhrif á námsgetu nemenda en húsnæði skólans.

Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara bendir að lokum á eftirfarandi úr niðurstöðum rannsóknarinnar:

- Hæfir og menntaðir kennarar eru meðal verðmætustu auðlinda skólans. Hæfni og menntun kennara endurspeglast í námsárangri nemenda.
- Væntingar kennara til nemenda og sjálfra sín, skuldbinding kennara og viðhorf þeirra til kennarastarfsins eru þættir sem hafa afgerandi áhrif á frammistöðu og námsframvindu nemenda.
- Íslendingar þurfa að leggja meiri áherslu á námsefni, gera það fjölbreyttara og setja meiri fjármuni í það.

Áhrifaþættir á gæði kennslunnar

Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara telur afar mikilvægt að stuðlað sé að eflingu kennslu í öllum námsgreinum. Gæði kennslu helgast, auk hæfileika kennara og áhuga nemenda, af aðstöðu til náms og kennslu. Taka þarf verulegt tillit til samsetningar og stærðar námshópa s.s. samkenntu blandaðra aldurshópa. Því þarf að taka tillit til stærðar skólastofa, tækjakosts, námsgagna og efnis þegar fjöldi nemenda í námshópum er ákveðinn. Þetta á ekki síst við um kennslu í íþróttum og list- og verkgreinum.

Listnám – verknám

Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara telur mikilvægt að skólar og sveitarfélög marki stefnu sem miðar að því að auka vægi listnáms og verknáms í skólastarfi. Aukin kennsla í myndlist, textílmennt, tónmennt, leikrænni tjáningu og dansi, auk hönnunar og smíði gæti í framtíðinni haft áhrif á nýsköpun í listum, eflingu iðnaðar og uppbyggingu fjölbreyttara atvinnulífs í landinu. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla hafa skólarnir ákveðið svigrúm þegar frá 1. bekk til að auka kennslu í kjarnagreinum eða öðrum skyldunámsgreinum. Í 9. og 10. bekk er gert ráð fyrir að einstakir skólar skipuleggi tæplega þriðjung heildartímans. „Tilgangurinn með auknu valfrelsi nemenda er að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa (Aðalnámskrá grunnskóla 1999).“ Aðalfundurinn telur að forsenda þess að unnt sé að koma til móts við þarfir hvers nemanda sé að við skipulag náms verði tekið meira mið af listnámi, verknámi og íþróttum en nú er.

Upplýsingamennt

Upplýsingalæsi er nauðsynlegt í nútíma samfélagi. Í aðalnámskrá grunnskóla er með upplýsingalæsi átt við þá þekkingu og færni sem einstaklingurinn þarf til að afla, flokka, vinna úr og miðla upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt. Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara leggur áherslu á mikilvægi góðs skólasafns og að nemendur læri öflun upplýsinga úr ýmsum miðlum og úrvinnslu þeirra með miðlum upplýsingatækninnar.

Nemendur sem skara fram úr

Rannsóknir sýna að nemendum sem skara fram úr í námi hefur ekki verið sinnt sem skyldi í íslensku skólastarfi. Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara telur mikilvægt að skólar og sveitarfélög marki sér stefnu í kennslu afburða nemenda.

Nemendur með sértæka örðugleika

Samkvæmt lögum nr. 66/1995 um grunnskóla eiga börn og unglingar sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar rétt á sérstökum stuðningi í námi. Meginstefna yfirvalda skólamála er sú að kennsla fari fram í heimaskóla. Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara telur mikilvægt að þarfir nemendans séu hafðar í fyrirrúmi og alltaf verði að vera til staðar sérskólar og sérdeildir fyrir þá nemendur sem ekki fá kennslu við hæfi í almennum grunnskólum.

Einnig er brýnt að finna úrræði fyrir nemendur með alvarlega hegðunarörðugleika og/eða geðræn vandamál.

Störf námsráðgjafa.

Annar aðalfundur FG telur nauðsynlegt að setja ákvæði um starf námsráðgjafa í lög um grunnskóla og/eða reglugerð. Þar þarf að kveða á um ráðningu, menntun, hlutverk og verkefni námsráðgjafa. Einnig ákvæði um að hámarksfjöldi nemenda á hvern námsráðgjafa verði 300.

Hegðunaryvandamál.

Aðalfundur FG beinir því til skólamálanefndar að hún taki til umfjöllunar þann vanda sem hegðunaryvandamál nemenda valda í skólastarfi.

Til Alþingis og yfirvalda menntamála

Ályktun frá öðrum aðalfundi Félags grunnskólakennara

Aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 6. – 7. mars 2002 beinir því til Alþingis og yfirvalda menntamála að gera þær breytingar á grunnskólalögum sem tryggja rétt almennra nemenda í grunnskólum ekki síður en nemenda sem þurfa sértækar úrlausnir til ótruflaðrar kennslu.

Greinargerð:

Í stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu eru fyrirhugaðar ýmsar breytingar. Álit nefndarinnar sem vann að stefnunni byggist á grunnskólalögum, aðalnámskrá og Salamanca yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um skóla án aðgreiningar. Með því að veita foreldrum barna með sértækar úrlausnir óskoraðan rétt til að velja heimaskóla fyrir börn sín er mögulega gengið á rétt annarra nemenda skólans auk réttar „einstöku“ barnanna. Með því til dæmis að hafa teymi fagfólks til stuðnings foreldrum til að velja skóla mætti standa vörð um rétt allra nemenda.

Skólastefna fyrir grunnskólann 2002 - 2005

Hlutverk grunnskóla

Lög um grunnskóla og aðalnámskrá setja skólastarfi ákveðinn ytri ramma. Skólinn hefur fyrst og fremst ákveðið fræðsluhlutverk en einnig er mikilvægt að hann búi nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi. Leggja skal rækt við allar námsgreinar og leitast við að gera einstaklinginn hæfan til að lifa og taka þátt í síbreytilegu samfélagi. Í öllu grunnskólastarfi skal leggja áherslu á manngildi og mannaúð.

Félag grunnskólakennara og Skólastjórafélag Íslands leggja áherslu á að skólastarf sé skipulagt með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Grunnskólalög segja til um lágmarkstíma sem nemendur skulu vera í skóla. Gæta ber þess að vinnudagur nemenda verði ekki of langur og kröfur um heimanám taki mið af aðstæðum.

Nemendur hafa mismunandi hæfileika og ólíkan bakgrunn. Mikilvægt er að grunnskólinn leitist við að ná því besta fram hjá hverjum einstaklingi og efla færni nemenda í mannlegum samskiptum. Nemendur eru stöðugt að mæta nýjum aðstæðum sem þeir verða að bregðast við. Námsgreinin lífsleikni er meðal annars ætluð til að styrkja nemendur svo þeir geti betur tekist á við kröfur og áskoranir daglegs lífs. Með henni gefst einnig tækifæri til að fjalla um mál sem upp kunna að koma hverju sinni og snerta líðan og velferð nemenda.

Samstarf heimila og skóla

Samvinna og samráð heimila og skóla eru einn af lykilþáttum fyrir velgengni nemenda í skólanum. Félög kennara og skólastjóra leggja áherslu á að gagnkvæmt traust og virðing ríki í því samstarfi og jafnræðis og trúnaðar sé ætíð gætt. Skólarnir bera faglega ábyrgð á námsþættinum. Rannsóknir sýna að fylgni er á milli stuðnings og áhuga foreldra á námi barna sinna og gengis þeirra í skólanum. Mikilvægt er fyrir nemendur að heimili og skóli séu sammála um meginviðmiðanir í námi, hegðun og umgengni og styðji hvort annað til þeirra verka

Í samfélagi nútímans er vinnudagur margra foreldra mjög langur og tími til samskipta foreldra og barna takmarkaður. Jafnframt hefur skólatími nemenda lengst og kröfur til grunnskólans hafa aukist. Gæta verður þess að heimanám nemenda sé við hæfi þannig að svigrúm skapist til leikja og tómstunda.

Leggja ber áherslu á að skólar skipuleggi foreldrasamstarf á dagvinnutíma kennara. Félögin leggja áherslu á að skólar og fyrirtæki komi sér upp fjölskylduvænni starfsmannastefnu þar sem gert er ráð fyrir að foreldrar taki þátt í skipulögðu foreldrasamstarfi. Samstæður og ánægður foreldrahópur stuðlar að betra og farsælla skólastarfi og því þurfa skólar að marka sér stefnu um foreldrasamstarf.

Hlutverk kennara

Með breyttum þjóðfélagsháttum og nýrri tækni breytist hlutverk kennara. Rekstur grunnskólans hefur í auknum mæli færst til skólanna sjálfra og gert þá sjálfstæðari. Með minni miðstýringu bera kennarar bæði hver fyrir sig og sameiginlega meiri ábyrgð á starfi skólans og skólaþróun á hverjum stað. Aukin áhersla er á samstarf við skipulagningu, útfærslu og eftirfylgd í skólastarfinu. Meiri kröfur eru gerðar um samstarf við foreldra og ýmsa fagaðila utan og innan skólans.

Meginhlutverk kennarans felst þó enn í kennslu og uppeldi; - að veita nemendum á sem fjölbreytilegastan hátt innblástur og handleiðslu í þekkingarleit sinni. Kennarinn ber faglega ábyrgð á að velja leiðir til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá og skólanámskrám. Hann velur námsefni, kennsluaðferðir og vinnubrögð sem henta mismunandi hópum og einstaklingum hverju sinni. Hann leitast við að skapa nemendum frjóar námsaðstæður og hvetja þá til að afla sér menntunar. Honum ber að leggja áherslu á að efla siðferðisvitund og ábyrga hegðun nemenda og rækta með þeim umburðarlyndi og náungakærleik.

Hlutverk kennarans er fjölþætt og því er mikilvægt að skólastarfið sé vel skipulagt.

Kjarasamningar þurfa að gefa möguleika á verkaskiptingu milli kennara og sveigjanleika til að hagnýta bæði getu einstakra kennara og alls kennarahópsins.

Brýnt er að kennurum sé gert kleift að viðhalda þekkingu sinni, auka hana og bæta á þann hátt starfshæfni sína. Því þarf kennurum að standa til boða fjölbreytt endur- og framhaldsmenntun. Jafnframt verður að ætla þeim tíma til að ígrunda og meta hvernig þeir geta sem best sinnt starfi sínu.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa

Allir nemendur grunnskóla þurfa að eiga aðgang að þjónustu náms- og starfsráðgjafa í skólanum sínum. Markmið námsráðgjafar er að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika, þannig að þeir fái notið sín í námi og starfi. Meginverkefni náms- og starfsráðgjafa í grunnskóla er að aðstoða nemendur við námsval, veita ráðgjöf meðan á námi stendur, bæði varðandi persónuleg málefni og málefni sem tengjast námi. Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemandans. Aukið val í grunnskóla með nýrri aðalnámskrá og breytingar á inntökuskilyrðum í framhaldsskóla kalla á að þjónusta náms- og starfsráðgjafa sé til staðar fyrir alla nemendur grunnskóla. Stefna ber að því að nemendafjöldi sé að hámarki 300 á hvern náms- og starfsráðgjafa.

Hlutverk skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra

Með örum breytingum í samfélagi þjóða auk nýrra laga og reglna um grunnskóla hafa störf skólastjórnenda breyst mikið á síðustu árum og sjáanlegt að sú þróun mun halda áfram. Í lögum um grunnskóla segir: “Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum og ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forystu”.

Hlutverk skólustjóra er því víðfeðmt og fjölbreytt og tekur einkum til eftirfarandi þátta: starfsmannastjórnunar, daglegrar framkvæmdastjórnunar, faglegrar stjórnunar, áætlanagerðar, skipulagningar og fjármálastjórnunar. Aðstoðarskólustjóri er staðgengill skólustjóra og þeir skipta með sér verkum. Þar sem eru fleiri en einn aðstoðarskólustjóri er einn þeirra staðgengill skólustjóra.

Mikilvægt er að skólustjórnendur hvetji til þróunarstarfa og eflingar frumkvæði. Forysta þeirra á að stuðla að skólamenningu sem einkennist af samábyrgð og samvinnu. Stjórnendur skóla verða að vera vel meðvitaðir um markmið skóla, gildi og sýn fyrir sína stofnun. Þessi markmið þarf að setja fram sameiginlega með öðrum starfsmönnum og marka leiðir til að ná þeim. Til þess að geta tekist á við þetta víðfeðma stjórnunarhlutverk þurfa stjórnunarhættir að þróast í átt til aukins sveigjanleika og valddreifingar t.d með auknu hlutverki millistjórnenda. Hver skóli verður að fá sjálfstæði til að takast á við þær breytingar, bæði fjárhagslega og faglega.

Þjóðfélag fjölmennningar

Í margbreytilegu þjóðfélagi nútímans þarf að gæta þess að jafnrétti sé til náms og að gagnkvæm virðing sé borin fyrir mismunandi þjóðfélags- og trúarhópum. Í námið skal flétta fræðslu um mismunandi menningarsamfélög, þjóðfélagshópa og fjölskyldugerðir og hversu mismunandi einstaklingar eru. Þá er ekki síður mikilvægt hlutverk grunnskólans að virða íslenskan menningararf þannig að hann glatist ekki og efla hann með nýrri sýn á fjölmenningarlegt samfélag. Markmið fræðslunnar skal vera að auka víðsýni og eyða fordómum.

Mannleg samskipti og mannrækt eru mikilvægir þættir í almennri menntun. Auk sérstakrar fræðslu og þjálfunar er brýnt að flétta þessa þætti inn í alla kennslu. Efla þarf þjálfun í tjáningu bæði í ræðu og riti og leitast við að gera nemendur hæfa til þátttöku og skoðanaskipta í nútímasamfélagi.

Skólayfirvöld þurfa að marka stefnu og tryggja fjármagn til móttöku og kennslu nemenda frá öðrum þjóðlöndum. Brýnt er að styrkja bæði móðursmáls- og íslenskukennslu þessara barna til að þau verði virkir þjóðfélagsþegnar.

Námsmat

Kennurum ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná námsmarkmiðum sem aðalnámskrá og skólar setja þeim. Lögð er áhersla á að námsmat sé fastur liður í skólastarfi og fari fram jafnt og þétt á námstímanum.

Megintilgangur með námsmati er að afla upplýsinga um námsgengi nemenda og styðja þá til að ná sem bestum árangri. Mikilvægt er að matið nái til margra þátta s.s. þekkingar, skilnings, leikni og framfara. Einnig þarf að meta áhuga, virkni, vinnubrögð og hæfileika til samstarfs.

Ljóst er að mat verður ekki framkvæmt eingöngu með prófum, könnunum eða öðrum formlegum aðferðum. Því er mikilvægt að námsmat sé óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum.

Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla veita ýmsar gagnlegar upplýsingar en einnig er mikilvægt að skólum standi til boða samræmd könnunarpróf og stöðluð kunnáttupróf til greiningar á námsstöðu nemenda.

Mikilvægt er að niðurstöður námsmats séu settar fram á skýran hátt þannig að nemendum og foreldrum verði ljóst hvar nemandi stendur í námi. Fyllsta trúnaðar skal gætt við framsetningu námsmats.

Tenging milli skólastiga

Samvinna milli leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla þarf að vera góð. Með tilkomu nýrrar námskrár fyrir leikskóla hafa áherslur breyst og því er nauðsynlegt að auka samráð og samvinnu milli leikskólans og fyrstu bekkja grunnskólans. Nemendur efstu bekkja grunnskólans eiga í auknum mæli kost á að velja sér námsáfangi úr framhaldsskólum. Það kallar á enn frekara og nánara samstarf á milli skólastiganna og skipulagningu fjarnáms. Yfirvöld menntamála þurfa að tryggja fjármagn til þessara hluta.

Með einsetningu grunnskóla og lengdri viðveru nemenda hefur kennsla á vegum tónlistarskóla færst meira inn í grunnskólana og fer nú víða fram jafnhliða kennslu í skyldunámsgreinum. Þetta kallar á gott skipulag og aukið samstarf.

Upplýsingatækni

Upplýsingatækni og tölvunotkun setur svip á samfélagið. Mikilvægt er að nemendur verði færir um að auka þekkingu sína með leit í heimildum á vel búnu skólasafni og meta þær á gagnrýninn hátt. Tölvusamskipti aukast stöðugt og því verða nemendur að öðlast færni í samskiptatækni. Skólasafnskennarar eru lykilaðilar í þessu starfi vegna menntunar sinnar og þjálfunar.

Tryggja þarf að kennarar og skólastjórnendur fái nám, þjálfun og aðstöðu til þess að nýta sér tæknina við kennslu í öllum greinum og á öllum stigum.

Kennarar hafa í auknum mæli samskipti við foreldra og nemendur með nútíma upplýsingatækni. Mikilvægt er að aðgát sé höfð í slíkum samskiptum þar sem oft er um trúnaðarmál að ræða.

Fjármagn til skóla

Fjármögnun skólastarfs er á ábyrgð sveitarfélaga. Félag grunnskólakennara og Skólastjórafélag Íslands leggja áherslu á nauðsyn þess að fjárveitingar til skóla séu ætíð nægar svo að þeir geti sinnt hlutverki sínu til fullnustu á hverjum tíma. Kjarasamningar og Aðalnámskrá grunnskóla gera ráð fyrir að sveitarfélög leggi fram aukið fjármagn til stjórnunar og faglegra starfa. Alþingi veitir árlega lögum samkvæmt fé til endurmenntunar kennara og skólastjórnenda. Þær fjárveitingar hafa verið af skornum skammti og nægja engan veginn til að fullnægja þörfum skólanna. Mikilvægt er að auknu fjármagni verði veitt til að tryggja kennurum og skólastjórnendum næga endurmenntun.

Náms- og kennslugögn

Ríkinu ber að tryggja skólum fjölbreytt úrval náms- og kennslugagna. Ný aðalnámskrá kallar á endurnýjun og viðbót námsgagna og því þarf að mæta með auknu fjármagni. Miklar tækniframfarir krefjast endurnýjunar námsgagna og nýrra leiða í kennslutækni og útgáfu gagna. Kennarar þurfa að hafa meira val um hvaða námsefni þeir nota. Stórauka þarf fjárframlög til námsgagnakaupa skólanna og gera þeim kleift að nota ávallt það besta sem í boði er.

Sjálfstæði skóla

Skólar þurfa að hafa frelsi og fjármagn til að móta sína eigin stefnu innan ramma laga, aðalnámskrár, kjarasamnings og stefnu viðkomandi sveitarfélags. Mikilvægt er að gera skólum kleift að reyna og þróa mismunandi leiðir hvað varðar alla þætti skólustarfsins, bæði faglega og fjárhagslega. Hver skóli þarf að geta mótað sína eigin kennsluhætti og farið sínar eigin leiðir að markmiðum sem sett eru í aðalnámskrá. Hagsmunir nemenda skulu ætíð hafðir í fyrirrúmi. Nauðsynlegt er að sátt ríki innan skólasamfélagsins og að skólayfirvöld hafi samráð við stéttarfélög kennara og skólastjóra.

Rannsóknir, þróun og mat

Skólaþróun og rannsóknir á skólustarfi gegna mikilvægu hlutverki. Nauðsynlegt er að efla rannsóknir og nýta niðurstöður til að efla og bæta skólustarf. Rannsóknir og mat á skólustarfi eru liður í fagmennsku starfsfólks. Auka þarf fjármagn til rannsókna og námsleyfa þannig að kennurum, námsráðgjöfum og stjórnendum sé tryggður réttur á ársleyfum á fimm til tíu ára fresti.

Hugtakið skólaþróun felur m.a. í sér markvisst umbótastarf, sem ætlað er að styrkja faglega stöðu skóla og styðja kennara að ná fram í starfi þeim markmiðum sem sett eru í lögum og námskrá. Í skólaþróun felst greining og mat á skólustarfi, áætlun um bætt skólustarf, framkvæmd og endurmat. Skólaþróun er stöðug viðleitni til umbóta og lýkur aldrei.

Í lögum um grunnskóla eru ákvæði um mat á skólustarfi þar sem megináhersla er lögð á sjálfsmat skóla. Félag grunnskólakennara og Skólastjórafélag Íslands leggja áherslu á að skólar marki stefnu m.t.t. skólaþróunar og mats á skólustarfi. Mikilvægt er að kennarar og skólastjórnendur fái svigrúm og fjármagn til að framkvæma mat og sinna skólaþróun.

Stoðþjónusta

Markmið grunnskólans er að veita kennslu við hæfi hvers og eins þannig að hæfileikar nemenda þroskist og njóti sín. Til þess þarf að vera til staðar fjölbreytt stoðþjónusta, t.d. sérkennsla, sálfræðiþjónusta, námsráðgjöf og iðjuþjálfun fyrir nemendur sem hafa sérþarfir af einhverju tagi. Koma þarf til móts við nemendur með einstaklingsnámskrám og sveigjanlegu námi. Gott framboð námsgagna er nauðsynlegt fyrir nemendur með sérþarfir, þar með talið afburðanemendur.

Samvinna fagstétta er mikilvæg og tryggja þarf aðgengi skólastjórnenda, kennara og stuðningsaðila að liðveislu sérfræðinga. Mikilvægt er að í öllum skólum starfi sérkennarar og námsráðgjafar sem sinna þörfum nemenda. Námsráðgjöf á að vera sjálfsgæður þáttur skólastarfs frá upphafi skólagöngu. Nemendur hafa nú meira val í námi sínu. Þeir þurfa, í samráði við foreldra sína, að huga vel og mun fyrir en áður að því hvert þeir stefna. Þess vegna er þáttur námsráðgjafa mjög mikilvægur. Efla þarf tengingu og samstarf skóla og atvinnulífs og er náms- og starfsfræðsla liður í því.

Nemendur eiga lögum samkvæmt rétt á kennslu við hæfi í heimaskóla. Tryggja verður skólunum nægt fjármagn og starfsfólk með sérmenntun til að skólinn geti uppfyllt skyldur sínar. Nemendur sem ekki geta nýtt sér kennslu í heimaskóla, að mati sérfræðinga, skulu eiga kost á námi í sérdeildum og/eða sérskólum.

Vinnuaðstæður

Mikilvægt er að skólafólk sé haft með í ráðum við hönnun og endurbyggingu skólahúsnæðis og skólalóða. Aðstaða, aðbúnaður, hollustu – og heilbrigðishættir á vinnustað, bæði innan húss og utan þurfa að uppfylla gæðakröfur. Tryggja þarf gott aðgengi fyrir fatlaða. Skólalóðir þurfa að vera vel búnar og svo hættulausar sem mögulegt er.

Gæta þarf þess að stólar, borð og önnur húsgögn séu við hæfi. Lögð er áhersla á að hverri námsgrein sé tryggð sú aðstaða og búnaður sem kennsluhættir krefjast. Greiður aðgangur þarf að vera að skólasafni með sem fjölbreyttustum gögnum s.s prentuðu efni, nýsigögnum og efni á tölvutæku formi.

Kennarar þurfa vinnuaðstöðu til samstarfs, undirbúnings og viðtala. Margir kennarar kjósa að vinna að undirbúningi og úrvinnslu kennslunnar í kennslustofu sinni. Þess vegna er mikilvægt að kennslustofan sé til afnota fyrir kennara að kennslu lokinni.

Gott skólastarf byggist á því að hæfilegur fjöldi nemenda sé í bekkjardeildum / námshópum og nægt starfsfólk sé til staðar.

Þar sem lengd viðvera og tólmundastarf fer fram í tengslum við grunnskóla skal það vera vel skipulagt, fara fram í viðeigandi húsnæði og hæft starfsfólk sjá um framkvæmd.

Nauðsynlegt er að nemendum og foreldrum gefist kostur á aðstoð við heimanám.

Velferð nemenda

Vellíðan og öryggi nemenda einkennir góðan skólabrag. Mikilvægt er að taka vel á móti öllum nýjum nemendum og leggja þarf vinnu í að skapa góðan bekkjaranda, jákvæðan og lýðræðislegan skólabrag.

Nemendur eiga rétt á vinnufriði í skólanum.

Það er hlutverk skólastjóra og kennara að tryggja þessi réttindi með því að halda uppi aga og setja skýrar reglur. Gera þarf nemendum og forráðamönnum þeirra grein fyrir reglunum og viðurlögum við þeim. Ennfremur þarf að gera þeim grein fyrir skyldum þeirra við skólastarfið. Nauðsynlegt er að nemendur hafi tækifæri til að ræða málefni

sín og leita ráða hjá kennurum, stjórnendum, námsráðgjöfum og öðrum sem við skólann starfa.

Lögð er áhersla á að nemendaverndarráð starfi við alla skóla. Það er mikilvægur vettvangur fyrir samskipti ýmissa aðila sem koma að málum nemenda. Virkt nemendaverndarráð er liður í að tryggja velferð nemenda.

Meðferð eineltismála er samstarfsverkefni allra sem í skólanum starfa. Áhersla skal lögð á að hver skóli geri sér áætlun um hvernig koma megi í veg fyrir og uppræta einelti. Í áætluninni skal m.a. koma fram hver heldur utan um einstök mál. Kynna þarf áætlunina vel fyrir nemendum og forráðamönnum þeirra og gæta þess að umræða um eineltismál sé opinská. Til að árangur náist er nauðsynlegt að hafa samvinnu við heimili.

Mikilvægt er að skólar marki sér stefnu í forvörnum sem beinist m.a. gegn ofbeldi, áfengi, tóbaki og öðrum fíkniefnum. Markmiðið er að efla sjálfsvitund og sjálfstraust nemenda þannig að þeir hafni vímuefnum.

Leggja ber áherslu á heilbrigt lífverni, hreyfingu og útivist til að fyrirbyggja ýmis vandamál sem tengja má kyrrsetu og hvers kyns óhollustu.

Velferð kennara, námsráðgjafa og skólastjórna

Ein af forsendum árangursríks skólastarfs er að kennurum, námsráðgjöfum og skólastjórnendum líði vel í starfinu. Til þess þurfa vinnuaðstæður og aðbúnaður að vera í góðu lagi. Rannsóknir sýna að hætta er á einangrun í starfinu og jafnvel kulnun. Með nægu framboði námsleyfa, markvissri sálgæslu og liðveislu jafningja er hægt að fyrirbyggja slíkt. Mjög mikilvægt er að starfsfólk sé vakandi fyrir einelti á vinnustað.

Nýliðar í starfi

Nauðsynlegt er að taka vel á móti nýliðum í starfi. Yfirvöld skulu styðja vel við bakið á nýjum stjórnendum og koma sér upp skipulögðu kerfi þar að lútandi.

Það er skylda skólans að taka vel á móti nýliðum í kennslu og setja þá inn í starfið. Þeim skal tryggð leiðsögn hjá reyndum kennurum

Nýir náms- og starfsráðgjafar skulu einnig hafa aðgang að handleiðslu.

V ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

Tillaga um skipan kynninganefnda

Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara samþykkir að stjórn félagsins sé heimilt að skipa kynningarnefndir. Þær starfi í samráði við stjórn, skólamálanefnd, samninganefnd og formenn svæðafélaga félagsins auk upplýsinga- og útgáfusviðs KÍ að einstökum verkefnum eða í tiltekinn tíma.

Tillaga um kynningarstarf

Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara leggur til að vefstjóri FG-vefsins setji inn almennar upplýsingar um stjórnir svæðafélaga á vef FG.

Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara hvetur stjórnir svæðafélaga til að koma sér upp vefsíðu með upplýsingum um starf félaganna og hún uppfærð reglulega.

VI ORLOFS- OG FERÐAMÁL

Ályktun um hækkun orlofsgjalds

Aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 6. – 7. mars 2002 beinir því til stjórnar FG að beita sér fyrir hækkun orlofsgjalds úr 0,25% í a.m.k. 0,5%.

Með inngöngu Félags leikskólakennara er komið upp ósamræmi þar sem vinnuveitendur greiða 0,5% í orlofssjóð vegna leikskólakennara.

Mörg starfsmannafélög hafa náð samningi um hærra orlofsgjald.

VII INNRA STARF OG FÉLAGSMÁL

Ályktun um innra starf og félagsmál

Um trúnaðarmenn

Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara telur mjög mikilvægt að efla trúnaðarmannakerfi félagsins enn frekar.

Fundurinn samþykkir að á kjörtímabilinu:

- verði trúnaðarmönnum umbunað og tryggður tími til trúnaðarmannastarfa,
- verði áfram haldin hin árvissu námskeið fyrir trúnaðarmenn og stefnt að því að þeim verði lokið á landinu öllu á haustmánuðum ár hvert;
- verði gengist reglulega fyrir fræðslu um starfsmannaviðtöl;

- verði reglulega skipulögð fræðsla um einelti og líðan á vinnustað og hún hefjist eigi síðar en haustið 2002,
- verði stefnt að rafrænum samskiptum við alla trúnaðarmenn þegar skólaárið 2002 – 2003 enda sé tryggt að allir hafi aðgang að tölvu í skólanum og hver skóli hafi sér uppsett netfang sem tilheyrir starfinu,
- verði bréf/tölvupóstur og upplýsingar sendar eins oft og þurfa þykir þó eigi sjaldnar en mánaðarlega,
- verði mótaðar verklagsreglur sem starfað skal eftir í vinnudeilum,
- verði fundir og námskeið haldin á dagvinnutíma eftir því sem mögulegt er.

Starfsmannaviðtöl

Í handbók með kjarasamningi segir: „Með nýjum kjarasamningi verða starfsmannaviðtöl nauðsynlegur þáttur við skipulag skólastarfs“. Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara beinir því til stjórnar og samninganefndar að veita félagsmönnum nauðsynlega fræðslu og leiðbeiningar fyrir starfsmannaviðtölin. Við undirbúning fyrir þá fræðslu verði haft samstarf við fagfélög félagsmanna.

Stuðningur við félagsmenn

Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara telur afar mikilvægt að félagsmenn eigi kost á ráðgjöf og stuðningi vegna vanlíðanar í starfi. Fundurinn skorar á þing KÍ að samþykkja að koma slíkri starfsemi á fót fyrir öll aðildarfélögin.

Ofbeldi gagnvart kennurum í skólum

Ofbeldi gegn kennurum færirst í vöxt og birtist í grófari myndum en áður þekktist, m.a. í tilskrifum á interneti. Slíkt er með öllu ólíðandi. Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara telur að sporna verði gegn þessari þróun með öllum tiltækum ráðum.

Ályktun um innra starf og félagsmál 2

Verkefnalisti trúnaðarmanna FG

Annar aðalfundur Félags grunnskólakennara bendir á að ákvæði um trúnaðarmenn er að finna í lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum Kennarasambands Íslands.

Fundurinn samþykkir að á eftirfaranda lista sé að finna verkefni sem trúnaðarmenn geta þurft að sinna:

1. Að kynna á sínum vinnustað trúnaðarmannabréf og auglýsingar frá Félagi grunnskólakennara, stjórnnum svæðafélaga og Kennarasambandi Íslands.
2. Veita kennurum ráðgjöf og leiðbeinandi upplýsingar varðandi kjarasamninginn og réttindi og skyldur.

3. Taka þátt í námskeiðum og fundum sem stjórn FG skipuleggur.
4. Funda með stjórn svæðafélags FG.
5. Veita FG, eftir því sem við á, upplýsingar um ákvarðanir sem teknar hafa verið í skólanum um skipulag vinnutíma og útteilingu flokka.
6. Vera áheyrandi að starfsmannasamtölum óski viðkomandi kennari eftir því.
7. Vera í viðeigandi samstarfi við skólastjórnendur um hvernig útteilingu flokka verði háttað og sjá um að farið sé eftir reglum kjarasamnings og handbókar í því efni.
8. Veita, eftir því sem við á, umsögn um ákvarðanir skólastjórnenda varðandi skipulag skólastarfsins, t.d. skóladagatal.
9. Veita, eftir því sem við á, umsögn til skólastjóra við skipulagningu á því hvernig verkstjórnartíma verði varið til einstakra sameiginlegra vinnuþátta.
10. Veita, eftir því sem við á, umsögn til skólastjóra vegna endurmenntunaráætlunar skóla.
11. Eiga samstarf við öryggistrúnaðarmann um eftirlit með aðbúnaði og öryggi á vinnustað.
12. Í vinnudeilu starfar trúnaðarmaður eftir verklagsreglum FG.

ÁLYKTANIR TIL ÞINGS KÍ

Ályktanir 2. aðalfundar Félags grunnskólakennara til 2. þings Kennarasambands Íslands

Ályktun frá öðrum aðalfundi Félags grunnskólakennara um stuðning við félagsmenn

Annað þing Kennarasambands Íslands telur afar mikilvægt að félagsmenn eigi kost á ráðgjöf og stuðningi vegna vanlíðunar í starfi og samþykkir að komið verði á fót slíkri starfsemi fyrir öll aðildarfélögin.

Ályktun frá öðrum aðalfundi Félags grunnskólakennara um skiptingu félagsgjalda

Annað þing Kennarasambands Íslands samþykkir að skipting fjármagns til aðildarféлага Kennarasambands Íslands verði endurskoðuð og að útteiling fjármagns verði hlutfallsleg.

Greinargerð:

Félag grunnskólakennara greiðir stærstan hlut til Kennarasambands Íslands og fær hlutfallslega langminnst til baka.

Starfsemi FG og svæðaféлага þess hefur liðið fyrir lítið fjárframlag frá KÍ. FG telur eðlilegra að greitt verði til aðildarféлага hlutfallslega en ekki í föstum fjárframlögum eins og verið hefur. Hækkun félagsgjalda vegna nýrra kjarasamninga hefur öll lent hjá KÍ og hefur ekki komið FG eða svæðafélögum þess til góða eins og eðlilegt mætti teljast.

Sem fyrsta skref er lagt til að annað þing KÍ samþykki að lækka framlag FG til reksturs KÍ um 5%. Félagsmenn FG eru 52% af KÍ en greiða 65,5% af rekstrarkostnaði þess. Fjármunum þeim sem þannig verða til á að verja til innri starfsemi FG.

Skipan stjórnna, nefnda og ráða FG

2002 - 2005

Stjórn:

| | |
|------------|----------------------------|
| Formaður: | Finnbogi Sigurðsson |
| Varaform: | Sesselja G. Sigurðardóttir |
| Gjaldkeri: | Björk Helle Lassen |
| Ritari: | Fjóla Höskuldsdóttir |
| Meðstj: | Guðrún Snorraddóttir |
| Varam: | 1 Þórður Á Hjaltsted |
| | 2 Ásta Ólafsdóttir |
| | 3 Katrín Þ. Andrésdóttir |
| | 4 Elín Yngvadóttir |
| | 5 Svava Pétursdóttir |

Samninganefnd:

Agla Ástbjörnsdóttir
Hilmar Björgvinsson
Jóna Benediktsdóttir
Sigmar Hjartarson
Unnur Kristjánsdóttir

Varam: 1. Sigrún Ágústsdóttir

2. Guðfinna Kristjánsdóttir
3. Ólafur Lárusson
4. Árni Jón Hannesson
5. Alfreð Guðmundsson

Stjórn KÍ:

Sesselja G. Sigurðardóttir
Þorbjörg Jóhannsdóttir

- Varam: 1 Sigurður Halldór Jesson
2 Ásta Ólafsdóttir

Skólamálanefnd:

Formaður: Kristín Jónsdóttir
Ásdís Guðjónsdóttir
Brynja Áslaug Sigurðardóttir
Elín Vigdís Ólafsdóttir
Hafdís Fjóla Ásgeirsdóttir
Sigurbjörg Ásdís Snjólfsdóttir
Sóley Sigurþórsdóttir

- Varam: 1 Lena Rist
2 Sigprúður Harðardóttir
3 Kristín Pétursdóttir
4 Guðmundur Óli Sigurgeirsson
5 Þorbjörg Jóhannsdóttir

Uppstillingarnefnd:

Irena Guðrún Kojic
Rósa Ingvarsdóttir
Valborg E. Baldvinsdóttir

- Varam: 1. Bergþóra Þorsteinsdóttir
2. Frímann Ólafsson
3. Auður Guðmundsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Ásdís Óskarsdóttir
Kristinn Jónsson

- Varam: Pétur Guðráð Pétursson